

Ár 2006, 5. desember 2006, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið

Að skera úr um hvort heyra skuli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, skv. 5. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 9. október 2006, þar sem frá því var greint að við gildistöku laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði nr. 92/1989, yrði stofnað nýtt embætti lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu þann 1. janúar n.k. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna skyldi dómsmálaráðherra eigi síðar en 1. júlí 2006 skipa lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Skipað hafi verið í stöðuna þann 15. júlí sl. Í bréfi ráðuneytisins var þess farið á leit að kjararáð ákveddi laun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006.

Í samræmi við 5. gr. sbr. 4. gr. laga um kjararáð, tók ráðið til skoðunar hvort það skyldi heyra undir ráðið að ákveða laun og starfskjör lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Kjararáð gaf dómsmálaráðuneytinu, nýskipuðum lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og fjármálaráðuneytinu, með bréfum dags. 12. október 2006, kost á að koma sjónarmiðum á framfæri vegna málsins. Svör bárust frá lögreglustjóranum og fjármálaráðuneytinu, bæði dags. 23. október 2006, og frá dómsmálaráðuneytinu dags. 8. nóvember 2006.

Í bréfi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sagði að með vísan til laga nr. 47/2006 um kjararáð og lögreglulaga nr. 90/1996 með síðari breytingum væri yfir allan vafa hafið að kjararáð skyldi taka ákvörðun um laun lögreglustjóra.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins sagði að samkvæmt lögum nr. 90/1996 skipaði ráðherra lögreglustjóranum í Reykjavík til fimm ára í senn og skyldi hann fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Að þessu virtu yrði að telja að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu væri embættismaður í skilningi laga nr. 70/1996

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og félli undir 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. sömu laga með síðari breytingum. Starfsheitið yrði því tilgreint á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn sem birtur væri í Lögbirtingablaði í janúar ár hvert í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 22. gr. laganna. Í því ljósi teldi fjármálaráðuneytið að kjararáð skyldi úrskurða um laun og starfskjör lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Í bréfi dómsmálaráðuneytisins sagði að vafalaust væri að embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins teldist til embættis í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins væri skipaður af dóms- og kirkjumálaráðherra og tæki embætti hans við löggæslu sem nú væri hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannsembættunum í Kópavogi og Hafnarfirði, sbr. lög nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði nr. 92/1989. Samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins væru embættismenn ríkisins eftirtaldir: Sýslumenn, ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, forstjóri Útlendingastofnunar og lögreglumenn. Auk þess skyldu þeir forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sem ótaldir væru í 1. mgr. 22. gr. tilvitnaðra laga, teljast til embættismanna samkvæmt greininni, sbr. 13. tl. 22. gr. Þá sagði í bréfi ráðuneytisins að hinn 1. janúar 2007 myndi breytast upptalning embætta lögreglustjóra og varalögreglustjóra í 7. tl. 1. mgr. 22. gr., sbr. ákvæði 10. gr. áður tilvitnaðra laga nr. 46/2006, þannig að til embættismanna ríkisins skyldu teljast aðstoðarríkislögreglustjórar, lögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar. Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu félli vitaskuld þar undir. Með vísan til þessa og ákvæða laga um kjararáð teldi dóms- og kirkjumálaráðuneytið að það félli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

III.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segir að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör ákveðist í frjálsum samningum. Undantekninguna sem lögin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en ædstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr., skuli heyra undir lögin. Samkvæmt athugasemdum við 4. grein er meginreglan sú að það eru þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu. Enn fremur segir að við mat á því hverjir falli undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem fela í sér fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun, sbr. 31. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Lögreglustjórar fara með lögregluvald skv. 1. mgr. 9. gr. laganna og teljast til lögreglumanna ríkisins, sbr. 3. gr. laganna. Þá fer lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins sem yfirmaður embættisins með fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða kjararáðs að störf lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins séu þess eðlis að heyra skuli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör hans, sbr. 4. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð.

IV.

Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins heyrir undir kjararáð.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir